



HANDBÓK SVÆÐISSTJÓRA

Gert í febrúar 1998. Síðast endurbætt í maí 2006.

Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Aðstoð við endurbætur: PDG Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagastrandar.

Við gerð handbókarinnar var stuðst við eftirfarandi efni:

ZONE CHAIRMAN MANUAL DA-100 6,700 11.97, sem alþjóðasamtök Lionsklúbba gefur út.

Samansafn af efni úr eldri handbókum fyrir svæðisstjóra útgefnum á Íslandi.

Höfundar þess efnis eru ókunnir.

Upplýsingar frá PID Jóni Bjarna Þorsteinssyni.

Samtöl við fjölmarga fyrrverandi svæðisstjóra.

Reynslu höfundar af embætti svæðisstjóra.

Efnisyfirlit:

Efni:	Bls.
Embætti svæðisstjóra:	4
Alþjóðasamband Lionsklúbba:	
Stjórn, alþjóðastjórnarmenn, fjöldi Lionsfélaga:	5
Landfræðilegt skipurit:.....	6
Landfræðilegt skipurit:.....	7
Lionshreyfingin á Íslandi, skipurit:	8
Lionshreyfingin á Íslandi, skipting í umdæmi og svæði:.....	10
Lionshreyfingin á Íslandi, skipting klúbba í umdæmi og svæði:	11
Alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF:.....	12
Íslenski hjálparsjóðurinn:.....	12
Árgjöld Lionsfélaga:	
Íslenska Lionshreyfingin:.....	13
Alþjóðahreyfingin:.....	15
Endurgreiðslur til Íslands:.....	15
Lionshreyfingin, framlög á alþjóðavísu:	
Fjárframlög, vinnuframlög, skipting eftir verkefnum:.....	17
Meðferð söfnunarfjár, túlkun alþjóðastjórnar á reglum:.....	18
Skyldur svæðisstjóra:	20
Hlutverk svæðisstjóra:	
Sem fræðslustjóri:	21
Sem ráðgjafi:	22
Sem tengiliður:.....	22
Aðgengilegt fræðsluefni:.....	23
Fræðslufundir með stjórnnum klúbba:.....	24
Undirbúningur og dagskrá:	25
Til aðstoðar með dagskrá fræðslufunda:.....	26
Upplýsingar um alþjóðasamtök Lionsklúbba:	27
Stjórn Lionsklúbbs:	28
Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins:	
Formaður, ritari, gjaldkeri:.....	29
Vara formaður, fráfarandi formaður, siðameistari, stallari:	30
Félagafulltrúi:.....	31
Reglur um fundarsókn:.....	32
Inntaka nýrra félaga:	33
Inntökuathöfn:.....	35
Greiðslur til svæðisstjóra:	37
Klúbbheimsóknir:	38
Að eigin frumkvæði:	38
Í fylgd umdæmisstjóra:	38
Að beiðni umdæmisstjóra:	38
Að beiðni klúbbstjórnar:	38
Önnur samskipti:.....	38
Fundardagar, umdæmisstjórnarfundir, svæðisfundir, klúbbfundir:	39
Umdæmisstjórnarfundir:	40
hlutverk á umdæmisstjórnarfundum:	40
Skýrslur á umdæmisstjórnarfundum:	40
Góð skýrsla:	41
Léleg skýrsla:	42

Svæðisfundir:	43
Hverjir eiga að mæta:	43
Boðun svæðisfunda:	43
Tillögur svæðisfunda:	44
Hvernig er dagskrá svæðisfunda:	44
Hvað ber að varast:	44
Fyrsti svæðisfundur:	
Tillaga að dagskrá:	45
Leiðbeiningar með dagskrá:	46
Mætingablað:	49
Annar svæðisfundur:	
Tillaga að dagskrá:	50
Leiðbeiningar með dagskrá:	21
Mætingablað:	54
Þriðji svæðisfundur:	
Tillaga að dagskrá:	55
Leiðbeiningar með dagskrá:	56
Mætingablað:	58
Fundargerðir svæðisfunda:	
Hvenær á að skila, hverjum á að senda:	59
Skýrslur svæðisstjóra:	
Skýrslur eftir svæðisfund:	60
Skýrslur til umdæmisstjórnarfunda:	60
Skýrsla svæðisstjóra, fyrsti svæðisfundur	61
Skýrsla svæðisstjóra til fyrsta umdæmisstjórnarfundar:	62
Skýrsla svæðisstjóra, annar svæðisfundur	63
Skýrsla svæðisstjóra til annars umdæmisstjórnarfundar:	64
Skýrsla svæðisstjóra, þriðji svæðisfundur	65
Skýrsla svæðisstjóra til þriðja umdæmisstjórnarfundar:	66
Skýrslur klúbba:	67
Félagaskýrslur:	67
Tilkynning um næstu stjórn:	67
Verkefnaskýrsla:	67
Ársskýrsla:	67
Sýnishorn af félagaskýrslu:	68
Sýnishorn af tilkynningu um næstu stjórn:	69
Sýnishorn af eyðublaði fyrir umsókn um viðurkenningu formanns:	70



Embætti svæðisstjóra.



Stundum er sagt að svæðisstjóri sé fulltrúi grasrótunnar í Lionshreyfingunni. Við val á svæðisstjóra ætti að taka tillit til þess að viðkomandi sé líklegur til að hafa virkan áhuga á málefnum og velferð klubbanna á svæðinu.


Embætti svæðisstjóra er ekki heiðursembætti og ætti því aldrei að velja aðila í embættið í þeim tilgangi að heiðra viðkomandi. Ekki ætti heldur að velja aðila frá klúbbi sem líklegt er að þurfi á leiðsögn hans eða aðstoð að halda. Velja ætti aðila sem hefur leiðtogahæfileika og er vel liðinn á svæðinu.

Embætti svæðisstjóra er talið eitt það mikilvægasta innan Lionshreyfingarinnar, ef því er sinnt eins og gert er ráð fyrir.

Svæðisstjóri leiðbeinir stjórnnum klúbba eftir þörfum og reynir að skera úr um ýmis vafamál sem upp kunna að koma. Ef með þarf sækir hann aðstoð fyrst og fremst til umdæmisstjóra. Aðrir embættismenn fjölumdæmisins eða umdæmisins eru einnig viskubrunnur sem sótt er í.

Svæðisstjóri er æðsta embætti Lionshreyfingarinnar á svæðinu. Þó að svo sé, þá hefur svæðisstjóri ekkert vald yfir klubbunum og getur því ekki sagt þeim fyrir í verkefnavali eða öðru.

Hlutverk hans er að vera **fræðslustjóri, ráðgjafi og tengiliður** og verður það útskýrt nánar í þessari handbók.



Svæðisstjóri heldur sína fyrstu fundi í lok ágúst eða byrjun september með stjórnnum klúbba til að undirbúa vetrarstarfið. Fundurinn er haldinn til að gefa viðkomandi aðilum tækifæri til að kynna, fara yfir ýmsar reglur og það sem efst er á baugi innan hreyfingarinnar.

Svæðisstjóri heldur síðan þrjá svæðisfundi á starfsárinu. Fundina skal halda í september, nóvember og í mars - apríl. Gott er að setja strax í upphafi starfsárs dagsetningar og staðsetningar fundanna og kynna það fyrir stjórnnum klubbanna. Þannig gefst öllum tækifæri til að setja þá inn í sína dagskrá og eiga því auðveldara með að skipuleggja starfið. Það getur verið betra að fresta fundi af óviðráðanlegum ástæðum en að boða fundi með mjög skömmum fyrirvara. Til svæðisfunda skal boða skriflega með tveggja vikna fyrirvara. Fundarboðið ætti að senda bæði formönnum og riturum klúbba.

Í þessari handbók fyrir svæðisstjóra er að finna flestar þær upplýsingar sem svæðisstjóri þarf á að halda. Einnig mun umdæmisstjóra afhenda svæðisstjórum bókina “ZONE CHAIRMAN MANUAL”. Sú bók inniheldur meðal annars skýrslueyðublöð svæðisstjóra. Engar slíkar bækur eru hins vegar tæmandi og því kemur alltaf einhvern tímann að því að leita þarf upplýsinga annar staðar.

Æskilegt er að svæðisstjóri setji sér eitthvert markmið fyrir starfsárið. Hann verður þó að taka tillit til þess að hans markmið mega undir engum kringumstæðum skyggja á eða vera andstæð markmiðum alþjóðaforseta eða umdæmisstjóra.



Alþjóðasamband Lionsklúbba.



Stjórn:

Alþjóðaforseti (International President skammstafað IP)

Fráfarandi alþjóðaforseti (Past International President skammstafað PIP)

Fráfarandi alþjóðaforseti verður sjálfkrafa formaður LCIF,
alþjóðahjálparsjóðs Lionshreyfingarinnar.

2 varaforsetar (Vice International President).

Alþjóðastjórnarmenn:


Suður Asía, Afríka, Mið Austurlönd	3 fulltrúar
Ástralía, Nýja Sjáland, Indónesía	1 fulltrúi
Evrópa	5 fulltrúar (Þar af alltaf 1 frá Norðurlöndunum)
Kanada	1 fulltrúi
Suð-austur Asía	5 fulltrúar
Suður og mið Ameríka	3 fulltrúar
Bandaríkin	15 fulltrúar
Samtals	33 fulltrúar.

Fjöldi Lionsfélaga:

1.400.000
Í 193 löndum
Í 44.800 klúbbum




Landfræðilegt skipurit.






Landfræðilegt skipurit.






Lionshreyfingin á Íslandi. Skipurit






Lionshreyfingin á Íslandi. Skipurit





Lionshreyfingin á Íslandi.

Skipting í umdæmi og svæði





Lionshreyfingin á Íslandi.

Klúbbarnir eftir svæðum



Umdæmi 109 A

Svæði 1 2.

Lkl. Djúpvavogs
Lkl. Eskifjarðar
Lkl. Fáskrúðsfjarðar
Lkl. Múli, Fljótisdalshéraði
Lkl. Seyðisfjarðar
Lkl. Svanur, Breiðdalsvík

Svæði 3.

Lkl. Fylkir,
Kirkjubæjarklaustri
Lkl. Hornafjarðar
Lkl. Kolgríma, Hornafirði
Lkl. Skyggmír, Hellu
Lkl. Suðri, Vík

Svæði 4.

Lkl. Embla, Selfossi
Lkl. Geysir Biskupstungum
Lkl. Hveragerðis
Lkl. Laugardals
Lkl. Selfoss
Lkl. Skjaldbreiður,
Grímsnesi
Lkl. Vestmannaeyja

Svæði 5.

Lkl. Garður
Lkl. Grindavíkur
Lkl. Keflavíkur
Lkl. Keilir, Vatnsleysuströnd
Lkl. Njarðvíkur
Lkl. Sandgerðis
Lkl. Æsa, Njarðvík
Lin. Keflavíkur

Svæði 6.

Lkl. Ásbjörn, Hafnarfirði
Lkl. Bessastaðarhrepps
Lkl. Eik, Garðabæ
Lkl. Garðabæjar
Lkl. Hafnarfjarðar
Lkl. Kaldá, Hafnarfirði

Svæði 7.

Lkl. Eir, Reykjavík
Lkl. Fjölnir, Reykjavík
Lkl. Freyr, Reykjavík
Lkl. Reykjavíkur
Lkl. Ægir, Reykjavík

Svæði 8.

Lkl. Kópavogs
Lkl. Muninn, Kópavogi
Lkl. Seltjarnarness
Lkl. Víðarr, Reykjavík
Lkl. Ýr, Kópavogi
Lkl. Þór, Reykjavík

Umdæmi 109 B

Svæði 1.

Lkl. Baldur, Reykjavík
Lkl. Engey, Reykjavík
Lkl. Njörður, Reykjavík
Lkl. Úlfar, Reykjavík
Lkl. Váli, Reykjavík

Svæði 2.

Lkl. Fjörgyn, Reykjavík
Lkl. Fold, Reykjavík
Lkl. Mosfellsbæjar
Lkl. Týr, Reykjavík

Svæði 3.

Lkl. Agla, Borgarnesi
Lkl. Akraness
Lkl. Borgarness
Lkl. Eðna, Akranesi

Svæði 4.

Lkl. Búðardals
Lkl. Búðardals,
Reykhóladelid
Lkl. Grundarfjarðar
Lkl. Harpa, Stykkishólmi
Lkl. Nesþinga, Hellissandi
Lkl. Ólafsvíkur
Lkl. Rán, Ólafsvík
Lkl. Stykkishólms
Lkl. Þernan, Hellissandi.

Svæði 5.

Lkl. Bolungarvíkur
Lkl. Ísafjarðar
Lkl. Patreksfjarðar
Lkl. Öundurarfjarðar

Svæði 6.

Lkl. Bjarmi, Hvammstanga
Lkl. Björk, Sauðárkróki
Lkl. Blönduóss
Lkl. Hólmavíkur
Lkl. Höfði, Hofsósi
Lkl. Sauðárkróks
Lkl. Siglufjarðar
Lkl. Skagafjarðar
Lkl. Skagastrandar

Svæði 7 8.

Lkl. Akureyrar
Lkl. Dalvíkur
Lkl. Hríseyjar
Lkl. Hrærekur,
Árskógsströnd
Lkl. Hængur, Akureyri
Lkl. Sunna, Dalvík
Lkl. Vitaðsgjafi, Eyjafirði
Lkl. Ösp, Akureyri.
Lkl. Fontur, Þórshöfn
Lkl. Húsavíkur
Lkl. Þengill, Grenivík



Alþjóðahjálparsjóðurinn Íslenski hjálparsjóðurinn



Alþjóðahjálparsjóður Lions er þýðing á enska heitinu Lions Clubs International Foundation, sem er skammstafað LCIF. Þegar Lionshreyfingin hafði starfað röklegga hálfu öld og breiðst víða um heim, tóku menn að gæla við þá hugmynd að stofna sérstakan alþjóðlegan hjálparsjóð Lionshreyfingarinnar. Sjóð sem miðlaði framlögum Lionsklúbba til Lions verkefna, sjóð sem væri þess megnugur að lyfta grettistaki á fjölmörgum sviðum líknar og mannúðarmála víðsvegar um heiminn Þessi draumur forystumanna hreyfingarinnar varð að veruleika árið 1968 með stofnun Alþjóðahjálparsjóðs Lions, sem er þýðing á enska heitinu Lions Clubs International Foundation, sem er skammstafað LCIF.

Ekki voru skrefin stór fyrstu árin. Það tók sjóðinn fimm ár að vaxa svo, að hægt væri að veita framlög úr honum. Starfsárið 1972-1973 námu fyrstu framlögin milli 4 og 5 milljónum króna. En mjór er mikils vísir. Sextán árum síðar námu framlögin til breytilegra verkefna um 570 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð fóru um 40% til baráttuunnar gegn blindu, en allt frá upphafi Lionshreyfingarinnar hefur sjónvernd verið efst á lista þeirra verkefna sem hreyfingin hefur unnið að.

Miklum fjármunum hefur verið beint að rannsóknarverkefnum, einkum þó á sykursýki, sem víða er mikill bölvaldur og hefur til þessa verið ólæknanleg. Sjúkdómur þessi veldur í mörgum tilfellum blindu, einkum þó meðal vanþróaðra þjóða, þar sem litla læknishjálp er að fá.

Meðala þeirra framlaga sem komið hafa frá sjóðnum til Íslands má nefna.

Vestmannaeyjagosið 1973, US\$ 3.000

Ómskoðunartæki 1989, US\$ 22.000

Hlein heimili fjölfatlaðra 1993, US\$ 35.261

Snjóflóð á Vestfjörðum 1995, US\$ 15.000

Jarðskjálftar á Suðurlandi 2000, US\$ 10.000

Lkl. Fjörgyn og Lkl. Fold vegna augndeildar Landsspítala 2000, US\$ 8.500

Lionshreyfingin á Íslandi á sinn eigin verkefnasjóð sem stofnaður var með samþykkt fjölumdæmisþing 1992 og var stofnframlagið kr. 1.680.000.

Tekjur klúbbsins byggjast fyrst og fremst á frjálsum framlögum frá klúbbum, tekjum af minningarkortum hreyfingarinnar og svo hefur fjölumdæmisstjórn leyfi til að óska eftir sérstökum framlögum frá klúbbunum.

Markmið sjóðsins er að styrkir innlend verkefni, erlend verkefni og að veita neyðaraðstoð.

Stjórn sjóðsins skipa fjölumdæmisstjóri og tveir síðustu fjölumdæmisstjórar.

Þeir sem sótt get um styrk úr sjóðnum eru fjölumdæmisstjórn, fjölumdæmisráð og svo einstakir klúbbar eða nokkrir klúbbar saman.

Samkvæmt reglum sjóðsins getur styrkur aldrei orðið hærri en sem nemur vöxtum + 25% af höfuðstól.



Árgjöld Lionsfélaga.



Íslenska Lionshreyfingin.

Grunnur að fjárhagsáætlun starfsárið 2001 – 2002.

Unglingamálefni kr. 333 6%

Alþjóðþing kr. 452 8%

Norræna þingið kr. 101 2%

Evrópuþingið kr. 67 1%

Rekstur Lionsheimilisins kr. 458 8%

Alþjóðasamskipti kr. 113 2%

Kostnaður vegna umdæmanna kr. 583 11% Móttaka erlendra gesta kr. 83 2%

Lionsblaðið kr. 1.042 19%

Launakostnaður kr. 1.892 36%

Félagatalið kr. 11 0,3%

Félaga- og útbreiðslumál kr. 84 2%

Fræðslumál kr. 184 3%

Samanlagt gefa þessar tölur okkur kr. 5.403 en þá var árgjald okkar félaganna kr. 4.500.

Mismunur kr. 903 er gert ráð fyrir að ná með sölu muna, sölu skrifstofuþjónustu og leigutekjum af sal Lionsheimilisins.

Sé aðeins tekið tillit til árgjalda okkar er skiptingin á þessa leið.

Unglingamálefni kr. 269

Alþjóðþing kr. 360

Norræna þingið kr. 90

Evrópuþingið kr. 45

Rekstur Lionsheimilisins kr. 360

Alþjóðasamskipti kr. 90

Kostnaður vegna umdæmanna kr. 490 Móttaka erlendra gesta kr. 90


Lionsblaðið kr. 855

Launakostnaður kr. 1.615

Félagatalið kr. 11

Félaga- og útbreiðslumál kr. 90

Fræðslumál kr. 135





Árgjöld Lionsfélaga.



Alþjóðahreyfingin:

Grunnur að fjárhagsáætlun Alþjóðasambands Lionsklúbba.

(Þessar tölur miðast við starfsárið 2001 – 2002. Þá var árgjaldið kr. US\$ 24)

Lionsblaðið US\$ 4,75 (370 kr.) 20%.
Enska Lionsblaðið US\$ 2,25 (176 kr.) 9%.
Þýðingarkostnaður US\$ 1,75 (136 kr.) 7%
Umdæmisstjórar á alþjóðáþing US\$ 2,25 (176 kr.) 9%.
Skrifstofukostnaður US\$ 8,95 (698 kr.) 38%.
Kostnaður við alþjóðastjórn US\$ 3 (234 kr.) 13%
Óráðstafað US\$ 1,05 (82 kr.) 4%.

Endurgreiðslur til Íslands.

Talsverður hluti af þessum gjöldum rennur til baka til Íslands sem beinar greiðslur vegna ýmissa verkefna.


Vegna Lionsblaðsins US\$ 4,75 (370 kr.) 20%.

Þýðingarstyrkur US\$ 0,83 (65 kr.) 3%.

Rekstur umdæmanna US\$ 2,4 (187 kr.) 10%

Samtals endurgreitt US\$ 7,89 (622 kr.) 33% Auk þess er greiddur ferða- og þátttökukostnaður umdæmisstjóra á alþjóðáþingi USD\$ 4.500 (315.000) fyrir hvern eða sem svarar US\$ 3,75 (239 kr.) 16% fyrir hvern félag.

Þannig má segja að við fáum til baka samtals US\$ 11,64 (861 kr) eða 49% af alþjóðagjöldum okkar.





Lionshreyfingin, Framlög á alþjóðavísu.



Fjárframlög:

Heildarframlag allra klúbba

US\$ 506.000.000 (39.468.000.000 kr.) Hver klúbbur

US\$ 11.315 (882.570 kr.)

Hver félagi

US\$ 362 (28.236 kr.)

Vinnuframlag:

Heildarframlag allra klúbba

70.000.000 klst

Hver klúbbur

1.579 klst. Hver félagi

50 klst

Sundurliðun eftir verkefnum:

Samfélagsverkefni

US\$ 39.545.816 (3.084.573.648 kr) 6.012.739 klst 23%.

Unglingamálefni

US\$ 37.629.623 (2.935.110.594 kr) 3.983.018 klst 22%.

Sjónvernd

US\$ 26.843.681 (2.093.807.118 kr) 2.671.427 klst 16%.

Heilsuvernd

US\$ 22.189.702 (1.730.796.756 kr) 3.346.508 klst 13%.

Alþjóðasamskipti

US\$ 9.294.246 (724.951.188 kr) 1.058.032 klst 6%.

Umhverfisvernd

US\$ 7.435.433 (579.963.774 kr) 2.159.874 klst 4%

Sykursýki

US\$ 3.108.319 (242.448.882 kr) 761.380 klst 2%.

Heyrnarvernd

US\$ 3.105.383 (242.219.874 kr) 329.400 klst 2%

Óskilgreint

US\$ 19.647.723 (1.532.522.394 kr) 3.234.827 klst 12%



Meðferð söfnunarfjár.



Question on club constitution and official policy as regards fundraising.

This is a response to your recent inquiry with regard to use of funds raised from the public through various fundraising activities.

Attached is a legal opinion of the International Board of Directors with respect to funds raised from activities. I believe that after reading the policy of the international board, you will agree that all funds raised from the public must be returned to public use. The only deductions which may be made from activities accounts are the operating expenses of the fundraising activity. Money accumulated from interest must also be returned to public use. Once members of the public are included in a fundraising activity the total proceeds minus cost, must be returned to the public. Lions members contributions must be included in this formula.

Clubs may hold publicly raised funds for a reasonable length of time – a reasonable period is usually considered to be one year. A club may hold funds longer than one year if they are earmarked for a specific project with a targeted completion date.

Consistent with the above, Article VIII, Section E(7) of the Standard Form Lions Club Constitution under the duties and powers of the club Board of Directors provides:

“It shall not authorize, nor permit, the expenditure, for any administrative purpose, of the **net** income of project or activities of this club by which funds are raised from the public.”

Very truly yours,
Karen J. Dolinick Staff Attorney.

Legal opinion: Funds raised from activities.

Question:

May funds raised from the public be used for administrative or other non-public purpose?

Opinion:

No. The Articles of Incorporation of The International Association of Lions Clubs state that the association is organized, among other things, “to govern all such chartered clubs so that they shall be nonpolitical, nonsectarian, not to profit its individual members.” Therefore, the Articles of Incorporation of The International Association of Lions Clubs expressly forbid that any part of the **net earning** from activities shall inure to the benefit of any individual Lion or Lions club. Since districts are created by the association to facilitate its administration of individual Lions and Lions clubs, this proscription, by implication, runs to district administrative expenses as well.

The wisdom of this proscription is clear. To finance and fulfill their basic function of service, Lions clubs ask the public to patronize fairs, circuses, raffles, shows and the like, and to purchase products infinite in variety. This public support is sought and given, on the mutual understanding that the **net funds** raised thereby will go to finance some community need. The International Association of Lionsclubs acknowledges that there is a cost factor in most fundraising activities and that the disposition of same is at the clubs discretion.

Consequently, any diversion of such **net funds** to other purpose proscription in the article quoted exists to prevent any such breach and to protect and preserve the image of Lions Clubs International.

Therefore, the use of any such funds to finance convention trips, politics or candidates, or administration dues, deficits or expenses at the club, district, or international level is a breach of faith and an express violation of the basic document of the association.

This opinion shall be interpreted to mean that there shall be no public solicitation of funds to defray administrative expenses of a Lions club.



Meðferð söfnunarfjár.



Spurning um lög og reglur varðandi söfnunarfé.

Þetta er svar við fyrirspurn varðandi sjóði sem safnað er meðal almennings með mismunandi söfnunaraðferðum.

Meðfylgjandi er álit alþjóðastjórnar varðandi sjóði sem safnað er með verkefnum. Ég trúi að eftir að hafa lesið stefnu alþjóðastjórnar munir þú vera sammála því að allt fé sem safnað er meðal almennings verði að skila til almenningsþarfa. Það eina sem leyfilegt er að draga frá slíkum sjóðum er framkvæmdakostnaður vegna fjáröflunarverkefnisins. Peningar sem safnast vegna vaxta verða einnig að skila sér til almenningsþarfa. Um leið og almenningur er viðriðin fjársafnanir verður öll innkoman að frádregnum kostnaði að skila sér til almenningsþarfa. Framlög Lionsfélaga heyrja undir þessa reglu.

Klúbbar mega halda söfnunarfé sem safnað er meðal almennings í réttlæt看legan tíma. Réttlæt看legur tími telst vera eitt ár. Klúbbar mega halda söfnunarfé lengur sé það eyrnamerkt til ákveðins verkefnis með fyrirfram ákveðnum lokadegi.

Samkvæmt ofanskráðu segir grein VIII, liður(7) í stöðluðu stjórnskipulagi Lionsklúbba um skyldur og valdsvið klúbbstjórna:

“Stjórn Lionsklúbbs má ekki heimila eða leyfa greiðslu nokkurs stjórnunarkostnaðar af nettó innkomnu söfnunarfé sem safnað hefur verið meðal almennings”.

Undirskrift,

Karen J. Dolinick lögfræðingur.

Lagalegt álit: Sjóðir sem myndast vegna verkefna.

Spurning: Má nota sjóði sem safnað er meðal almennings til greiðslu á stjórnunarkostnaði eða öðru sem ekki hagnast almenningi.

Svar:

Nei. Greinar í samþykktum Alþjóðasamtaka Lionsklúbba segja að samtökin séu stofnuð meðal annars “til að stjórna klúbbum innan þeirra þannig að þeir séu óháðir stjórnmalasamtöku, óháðir trúarhópum og að einstakir félagar hagnist ekki á þeim”. Þess vegna er það tekið skírt og greinilega fram í stjórnskipulagi Alþjóðasamtaka Lionsklúbba að ekkert af nettó hagnaði af fjáröflun má renna til einstakra Lionsfélaga eða Lionsklúbba. Þar sem umdæmi eru stofnuð af samtökunum til að auðvelda umsjón með einstökum Lionsfélögum og Lionsklúbbum gilda reglur þessar einnig um rekstrarkostnað umdæmanna.

Skilaboðin í þessum reglum eru skír. Til að uppfylla megin hlutverk sitt sem þjónustuklúbbar óska Lionsklúbbar eftir þátttöku almennings í ýmsum fjáröflunarverkefnum. Almenningur leggur klúbbunum lið með þeim gagnkvæma skilningi að nettó innkoma af verkefninu renni til að fjármagna eitthvert samfélagslegt verkefni. Alþjóðasamtök Lionsklúbba viðurkenna að einhver kostnaður sé samfara flestum fjáröflunum að mat á því í höndum klúbbanna.

Reglur sem banna notkun söfnunarsjóða til annars eru settar til að koma í veg misnotkun og til að verja og vernda ímynd Alþjóðasamtaka Lionsklúbba.

Því er notkun slíkra sjóða til greiðslu á ferðakostnaði til þings, kostnaði frambjóðenda, stjórnunarkostnaði og kostnaði vegna reksturs klúbba, umdæma eða alþjóðahreyfingarinnar trúnaðarbrot og skýlaust brot á stjórnskipulagi samtakanna.

Þetta álit skal skilja þannig að ekki má undir neinum kringumstæðum taka af söfnunarfé til að greiða stjórnunar eða rekstrarkostnað Lionsklúbba.



Skyldur svæðisstjóra.



Samkvæmt lögum alþjóðahreyfingarinnar er svæðisstjóri fulltrúi umdæmisstjóra og/eða varaumdæmisstjóra á svæðinu og lýtur þeirra stjórn. Hann er “framkvæmdastjóri” svæðisins. Hann er **formaður ráðgjafanefndar** svæðisins. Aðrir í ráðgjafanefnd svæðisins eru formenn, ritarar og gjaldkerar klúbba svæðisins. Skyldur svæðisstjóra eru þessar helstar:

- Að efla framgang og markmið alþjóðasamtaka Lionshreyfingarinnar.
- Svæðisstjóri skal skilyrðislaust fylgja eftir markmiðum og áherslum alþjóðaforseta, umdæmisstjóra og hreyfingarinnar. Fylgjast vel með þróun mála í umdæminu og fjölumdæminu hvað varðar fyrrgreind markmið og áherslur og miðla þeim upplýsingum til klúbba svæðisins.
- Vera formaður ráðgjafanefndar umdæmisstjórar á svæðinu. Halda að minnsta kosti þrjá fundi ráðgjafanefndarinnar (svæðisfundi) á starfsárinu.
- Rita fundargerðir eftir hvern fund ráðgjafanefndarinnar (svæðisfund) og senda til viðkomandi aðila innan 5 daga. (Umdæmisstjóra, vara umdæmisstjóra og klúbbformanna)
- Hafa vakandi auga fyrir möguleikum á stofnun nýrra klúbba um leið og hann fylgist náið með starfi og velferð klúbbanna á svæðinu.
- Vera fulltrúi fyrir hvern þann klúbb á svæðinu sem á við erfiðleika að etja gagnvart umdæminu, fjölumdæminu og/eða alþjóðaskrifstofunni.
- Sjá til þess að sérhver klúbbur svæðisins starfi samkvæmt lögum og reglum Lionshreyfingarinnar.
- Sjá til þess að minnsta kosti allir þeir embættismenn klúbbanna sem eiga að mæta á þingum umdæmis og fjölumdæmis geri það skilyrðislaust.
- **Mæta á fundi hjá öllum klúbbum á svæðinu að minnsta kosti einu sinni á starfsárinu.** Skýrslu um heimsókn sína skal hann senda umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra. Sérstaklega skal geta um veikleikamerki verði þess vart hjá klúbbum.
- Að gera tillögur að aðstoð við veika klúbba og framfylgja þeim tillögum.
- Svæðisstjóri hefur skyldumætingu á þeim fundum umdæmisins sem umdæmisstjóri boðar hann til.
- Mæta á öðrum fundum sem eru afleiðing af samþykktum svæðisfundar vegna einhverskonar samstarfs klúbba svæðisins, eða eru til komnir vegna óska umdæmisstjóra.
- Svæðisstjóri er stöðugt til reiðu fyrir klúbbstjórnir hvað varðar **fræðslu, ráðgjöf, eða tengingu** við umdæmið.



Hlutverk svæðisstjóra.



Í aðalatriðum er hlutverk svæðisstjóra að vera formaður ráðgjafanefndar umdæmisstjóra á svæðinu. Fyrst og fremst á svæðisstjóri að virka sem tengiliður milli umdæmisstjóra annars vegar og sérhvers klúbbs svæðisins hins vegar.

Fyrir hönd umdæmisstjóra, sem er ábyrgur fyrir öllum klúbbum umdæmisins, er svæðisstjóri fulltrúi Alþjóðasamtaka Lionsklúbba.

Nánar tilgreint skiptist starf svæðisstjóra í þrjá megin þætti: **Svæðisstjóri er alsherjar fræðslustjóri, ráðgjafi og tengiliður.**

Sem fræðslustjóri.

Svæðisstjóri gegnir mjög stóru hlutverki í fræðslustarfi hreyfingarinnar.

Segja má að starfsár svæðisstjóra hefjist í lok **ágústmanaðar** eða byrjun **september** með fræðslufundum fyrir klúbbstjórnir og er nánar farið yfir þá fundi á bls. 24 – 36.

Hlutverk svæðisstjóra sem fræðslustjóra er þó mikið stærra en það. Hann notar hvert tækifæri sem gefst til að koma á framfæri upplýsingum um það sem efst er á baugi í hreyfingunni.

Á svæðisfundi getur hann fengið eitthvað af þeim námskeiðum sem í boði eru eða fræðslu um það sem efst er á baugi hverju sinni.

Hann býður klúbbum að vera þeim innan handar um útvegun fræðsluefnis á klúbbfundi.

Hann stendur fyrir því að haldin séu námskeið á svæðinu eða í klúbbunum. Treysti hann sér til að halda slík námskeið sjálfur getur hann farið þá leið eða að hann getur fengið einhverja af þeim fjölmörgu leiðbeinendum sem vinna með fræðslustjóra hreyfingarinnar.

Að öllu jöfnu skal leggja höfuðáherslu á fræðsluefni um Lionshreyfinguna, einstaka málaflokka og hlutverk embættismanna, jafnt embættismanna innan klúbba og annarra embættismanna hreyfingarinnar.





Hlutverk svæðisstjóra.



Sem ráðgjafi.

Að eigin frumkvæði, að ósk umdæmisstjóra eða að beiðni klúbbstjórna getur svæðisstjóri setið stjórnar- eða klúbbfundum og gefið góð **ráð**. Svæðisstjóri leitast við að skera úr um hvers konar vafamál. Þar sem þekkingu hans þrýtur er nauðsynlegt að leita aðstoðar umdæmisstjóra eða varaumdæmisstjóra. Einnig er hægt að leita til annarra embættismanna fjölumdæmis eða umdæmis ef spurningar vakna um eitthvert það málefni sem þar eru á dagskrá.



Sem tengiliður.

- Svæðisstjóri á sæti í umdæmisstjórn sem fulltrúi síns svæðis og er þannig **tengiliður** milli klúbba svæðisins og umdæmisstjórnarfunda og kemur óskum klúbba á framfæri þar. Svæðisstjóri er stöðugt **tengiliður** milli umdæmisstjóra og klúbba svæðisins og auk þess milli klúbba og umdæmisstjórnarfulltrúa. Í því sambandi þarf svæðisstjóri að hafa yfirsýn yfir stöðu allra klúbba svæðisins á hverjum tíma og koma með tillögur um úrbætur ef þurfa þykir.
- Svæðisstjóri er formaður ráðgjafanefndar svæðisins. Vettvangur ráðgjafanefndar er einkum þeir þrír svæðisfundir sem halda skal á starfsárinu. Geri ráðgjafanefndin einhverjar samþykktir eða tillögur (sjá reglur um slíkt á bls. 44) er það svæðisstjóri sem er **tengiliður** og kemur þeim framfæri.
- Svæðisstjóri er **tengiliður** milli klúbba innan svæðisins. Má þar nefna til dæmis hugsanleg samstarfsverkefni, sameiginlegar árshátíðir eða samfundum klúbba.



Hér að framan hefur hlutverk svæðisstjóra verið brotið niður í þrjá megin þætti. Tilgangurinn er sá að auðvelda svæðisstjórum að greina sem best til hvers er ætlast af honum.

Megintilganginn með allri fræðslu innan hreyfingarinnar er hægt að setja í eina setningu:

Styrkur Lionshreyfingarinnar felst í traustum og starfsömum klúbbum með dugandi stjórnarmönnum og félögum, sem geta leitað sér fróðleiks um öll málefni hreyfingarinnar á auðveldan hátt.

Svæðisstjóri er sá aðilinn sem beinlínis á að virka hvetjandi á stjórnir klúbba. Svæðisstjóri ýtir þeim í gang á haustin með fræðslufundunum, heldur þeim vakandi með svæðisfundum og styður þá með fræðslu um málefni hreyfingarinnar.



Aðgengilegt fræðsluefni



Námskeið þau sem eru í boði eru fjölmörg og af mismunandi tagi. Hér eru dæmi um nokkur þeirra.

Stjórnunaraðferðir – Leiðtogastílar
Sterkur leiðtogi – Virkni og frumkvæði
Að setja saman hóp – Öflugt hópstarf (teymi)
Árangursrík liðsheild: Virkja og hvetja
Samskipti og virk hlustun.
Ákvarðanataka – Að deila út verkefnum Stefnumótun – Markmiðasetning.
Fundarstjórn – Fundarritun – Fundarsköp
Skipulögð nefndarstörf.
Áhrifaríkur málflutningur – Ræðumennska
Úrlausn vandamála – Að stjórna deilum - Breytingastjórnun.

Námskeiðin hér að framan eru dæmi um þau námskeið sem kennd hafa verið í Lionsskólanum. Eins og önnur námskeið hreyfingarinnar standa þau einnig til boða á til dæmis svæðisfundi eða klúbbfundi.

Önnur námskeið sem nefna má eru.
Hvað er Lions – Nýliðanámskeið
Siðameistaránámskeið
Unglingaskipti – Unglingabúðir
Alþjóðasamskipti
Umhverfisvernd
Félaganefndarnámskeið
Aðrir málaflokkar
Almenn fræðsla um hreyfinguna
Námskeið sniðin að þörfum hvers klúbbs

Fræðslustjóri Lionshreyfingarinnar getur í flestum tilfellum uppfyllt óskir klúbba um þessi og jafnvel önnur sérútbúin námskeið fyrir klúbba.



Fræðslufundir með stjórnnum klúbba.



Eins og fyrr sagði heldur svæðisstjóri sína fyrstu fundi í lok ágúst eða byrjun september. Fundirnir hafa verið nefndir “**fræðslufundir með stjórnnum klúbba**”. Á þessum fundum er svæðisstjóri **einn** með stjórn hvers klúbbs fyrir sig. Svæðisstjóri getur haft með sér aðstoðarmann og þá helst umdæmisstjóra eða varaumdæmisstjóra telji hann þörf á því.

Reynslan hefur sýnt að menn verða gjarnan þvingaðir og segja ekki frá raunverulegum vandamálum klúbbsins ef margir heyra til. Því er nauðsynlegt að svæðisstjóri byggji upp það traust sem til þarf. Klúbbstjórnir þurfa að finna að það sem fram fer á þessum fundi sé trúnaðarmál. **Fundargerðir af fundinum fá eingöngu umdæmisstjóri, varaumdæmisstjóri og formaður viðkomandi klúbbs.**

Á fundina skal boða formann, ritara og gjaldkera. Einnig má hugsa sér að boða aðra stjórnarmenn klúbbsins svo sem varaformann, fráfarandi formann, siðameistara, stallara og formann félaganefndar.



Hlutverk svæðisstjóra á þessum fundi er að vera fundarstjóri og leggja til dagskrá í aðalatriðum. (Sjá hugmynd að dagskrá á næstu síðu). Hann heldur þennan fund til að miðla af þekkingu þeirri sem hann hefur aflað sér en einnig til að fræðast um klúbbinn.

Í dreifbýli má símtal við formann klúbbsins koma í stað þessa fundar eða að haft er samráð við umdæmisstjóra um fundinn.

Eitt af meginmarkmiðum þessara funda er að ýta starfi klúbba í gang að hausti.

Leggja skál áherslu á að allir fundarmenn taki þátt í umræðunum, spyrji óspart og svari hiklaust þeim spurningum sem þeir hafa svör við.

Leggja skál áherslu á að fundurinn sé frekar óformlegur og að á honum ríki gagnkvæmt traust og létt andrúmsloft.

Umdæmisstjóri afhendir svæðisstjórum bækling frá alþjóðaskrifstofunni sem nefnist “**Developing Club Leadership**” og fjallar hann um þessa fræðslufundi.

Á næstu síðum er úrdráttur úr þessum bæklingi með ýmsum ábendingum.



Fræðslufundur með stjórnnum klúbba.



Undirbúningur.

Varðandi undirbúning fyrir þessa fundi má hafa eftirfarandi í huga:

1. Svæðisstjóri kynnir sér handbókina vel og aflar sér frekari upplýsinga hjá umdæmisstjóra um hreyfinguna bæði á innlendum og alþjóðlegum grundvelli. Svæðisstjóra þarf að vera kunnugt um uppbyggingu fjölumdæmis og umdæmis og þekkja svið helstu embætta. Með það að vegarnesti er hann betur undirbúin undir þær spurningar sem upp geta komið.
2. Svæðisstjóri kynnir sér starfsemi klúbba svæðisins með því til dæmis að lesa ársskýrslur síðustu ára. Hann kynnir sér einnig “landamæri” svæðisins.
3. Svæðisstjóri leitar eftir fundargerðum svæðisfunda síðasta árs hjá fráfarandi svæðisstjóra til að kynna sér betur hvort eitthvað sérstakt hefur verið í gangi þá.
4. Velja skal góðan fundarstað, hæfilega stórt herbergi, bjart og vistlegt. Sætaskipan ætti að vera óformleg og andrúmsloftið sem þægilegast.
5. Hafa nægan skrifpappír og auka skriffæri til að lána.
6. Hafa fyrirfram ákveðna dagskrá (sjá tillögu) og fylgja henni eftir. Láta málglæða aðila ekki komast upp með að tefja fundinn með óþarfa orðskrúði. Hugsanlega má tímasetja hvern lið dagskrárinnar.
7. Svæðisstjóri skal muna að þetta er **hans** fundur og **hann** stjórnar honum.
8. Umfram allt: **Vera vel undirbúinn og taka tillit til aðstæðna á sínu svæði.**

Dagskrá:

1. Tilgangur fundarins.
2. Hlutverk svæðisstjóra.
3. Stjórn klúbbsins.
4. Hlutverk embættismanna klúbbsins.
5. Staða klúbbsins.
6. Er þörf fyrir nýja félag.
7. Er möguleiki á stofnun nýs Lionsklúbbs eða Leóklúbbs.
8. Stefnumál alþjóðaforseta og umdæmisstjóra. Merkisdagar hjá hreyfingunni.
9. Unglingaskipti
10. Sameiginleg verkefni á vegum fjölumdæmis eða umdæmis.
11. Dagsetningar svæðisfunda.
12. Önnur mál sem upp gætu komið.

Svæðisstjóri skal hafa hugfast að þetta er aðeins **hugmynd dagskrá fundarins**. **Öll svæðin** hafa sínar **sér þarfir** og **hver klúbbur** hefur sínar **sér þarfir**. **Tillit** þarf að taka til aðstæðna hverju sinni.



Til aðstoðar með dagskrá fræðslufunda.



- 1. Tilgangur fundarins.** Tilgangur fundarins er að gefa viðkomandi aðilum tækifæri til að kynna og skiptast á skoðunum og þekkingu, þannig að allir geti notið góðs af og öðlast nauðsynlega kunnáttu til að geta innt af hendi gott starf. Viðkomandi ættu einnig að öðlast betri skilning og þekkingu á skildum sínum í því embætti sem þeir gegna.
- 2. Hlutverk svæðisstjóra.** Hlutverk svæðisstjóra sem fræðslustjóra, ráðgjafa og tengiliðs útskýrt.
- 3. Stjórn klúbbsins.** Í stjórn klúbbsins sitja: Formaður, ritari, gjaldkeri, vara formaður, fráfarandi formaður, siðameistari, stallari og formaður félaganefndar.
- 4. Hlutverk embættismanna klúbbsins.** Upplýsingar um hlutverk helstu embættismanna klúbbsins er að finna á bls. 29 – 31.
- 5. Staða klúbbsins.** Farið er yfir stöðu klúbbsins, bæði fjárhagslega, félagsfjölda og starfsandann í klúbbum.
Eru stjórnarfundir haldnir reglulega? Er gerð fjárhagsáætlun? Eru reikningar klúbbsins gerðir upp?
Eru alþjóðdagjöld og fjöllumdæmisgjöld greidd á réttum tíma? Eru starfsemi klúbbsins í samræmi við reglur hreyfingarinnar? Er starfsemi klúbbsins í eðlilegu ástandi.
Telji svæðisstjóri klúbbin "veikan" skal hann skrá niður sínar athugasemdir og senda umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra þær upplýsingar.
- 6. Er þörf fyrir nýja félag.** Inntökumánuðir eru október og mars/apríl. Alltaf er þörf fyrir nýja félag. Það þarf að viðhalda klúbbum. Það þarf að yngja upp. Það þarf að fá ferskan blæ. Upplýsingar um inntökuathöfnina er að finna á bls. 33 – 36.
- 7. Er möguleiki á stofnun nýs Lionsklúbbs eða Leoklúbbs.** Þennan möguleika skal ávallt hafa í huga.
- 8. Stefnumál alþjóðaforseta og umdæmisstjóra. Merkis dagar hjá hreyfingunni.** Farið yfir stefnumálin, þó aðeins stuttlega. Umdæmisstjóri gerir betur grein fyrir þeim í sinni heimsókn. 8. október er alþjóðlegur þjónustudagur hreyfingarinnar.
- 9. Unglingaskipti, erlend samskipti.** Leita upplýsinga hjá unglingskiptastjóra og alþjóðasamskiptastjóra um það sem hæst ber.
- 10. Sameiginleg verkefni á vegum fjöllumdæmis eða umdæmis.** Kynna þau samstarfs verkefni sem hugsanlega eru í gangi hjá fjöllumdæminu, t.d.. Rauð fjöður.
- 11. Dagsetningar svæðisfunda.** Skýra skal fyrir stjórnnum fyrirhugaðar dagsetningar svæðisfunda og hverjir ættu að mæta á þeim. Minna formenn á að eitt af skilyrðunum fyrir að verða 100% formaður er góð mæting á svæðisfundi.
- 12. Önnur mál sem upp gætu komið.** Gera skal ráð fyrir að klúbbsstjórnir hafi einhver málefni sem þær telja sig þurfa að koma á framfæri.



Upplýsingar um Alþjóðasamtök Lionsklúbba.



Bandaríkjamaðurinn **Melvin Jones** er talinn stofnandi Lionshreyfingarinnar. Hann fæddist í Arizona í Bandaríkjunum. **Alþjóðasamtök Lionsklúbba** (The International Association Of Lions Clubs) voru stofnuð í Chicago **7 júní 1917**.

Hreyfingin barst fyrst til Evrópu árið **1948** með stofnun Lionsklúbbs **Stokkhólms**. **14. ágúst 1951** varð **Ísland 37**. Lionslandið í heiminum og það **9. í Evrópu** með stofnun **Lionsklúbbs Reykjavíkur**. **Magnús Kjaran** telst vera upphafsmaður að hreyfingunni hér á landi og var hann fyrsti formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur.

Alþjóðahreyfingin skiptist í tíu landfræðileg svæði og hefur Evrópu númerið 100. Þessum svæðum er síðan skipt í umdæmi og fjölumdæmi. **Svíþjóð** er fyrsta Lionslandið í Evrópu og hefur því númerið **101**. **Ísland sem 9.** landið hefur **umdæmisnúmerið 109**. Séu klúbbar nægjanlega margir er umdæminu skipt í fjölumdæmi. Síðan **1973** er Ísland eitt **fjölumdæmi** og **tvö umdæmi**. **Fjölumdæmi 109** skiptist í umdæmi **109A** og **109B**. Til að svo megi verða þurfa að vera **35 klúbbar** með **1.250 félögum** í hvoru umdæmi.

Fjölumdæmisráð fer með yfirumsjón fjölumdæmisins. Formaður fjölumdæmisráðs er **fjölumdæmisstjóri**. Í **fjölumdæmisstjórn** sitja fjölumdæmisstjóri og **umdæmisstjórar** hvors umdæmis. Auk þessara þriggja eru eftirtaldir embættismenn kjörnir fulltrúar í **fjölumdæmisráði**: Fjölumdæmisritari, fjölumdæmisgjaldkeri, unglingskiptastjóri, alþjóðasamskiptastjóri, félagastjóri útbreiðslustjóri, kynningarstjóri, og fræðslustjóri. Auk þess skipar fjölumdæmisstjóri embættismenn til að fara með aðra málaflokka eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

Aðeins þeir sem sitja í fjölumdæmisstjórn hafa raunverulega atkvæðisrétt og fara með stjórn hreyfingarinnar milli þinga. Fjölumdæmisþing fer með æðsta vald hreyfingarinnar á Íslandi.

Umdæmin tvö 109A og 109B eru undir stjórn **umdæmisstjórnanna**. Þeir skipa með sér ýmsa embættismenn fyrir þá málaflokka sem í gangi eru hverju sinni. Umdæmisþing fer með æðsta vald í umdæminu.

Umdæmunum er skip í **svæði** eftir landfræðilegri legu. Tekið er tillit til klúbba fjölda sem skal minnstur vera **4 klúbbar** og mestur **8 klúbbar** á einu svæði. Hér á landi hefur þó verið tekið til landfræðilegar staðháttu og eru til dæmis til svæði hér með aðeins þrem klúbbum og til hafa verið svæði með 9 klúbbum.

Umsjón með starfi klúbba á svæðunum hefur **svæðisstjóri** í umboði umdæmisstjóra. Umdæmisstjóri er hins vegar fulltrúi alþjóðastjórnar í sínu umdæmi og ber hann ábyrgð á starfi klúbba.

Lionshreyfingin starfar nú í _____ löndum með _____ félagum í _____ klúbbum.


Lionsklúbbar í umdæmi 109A eru núna _____ klúbbar á _____ svæðum með _____ félagum.

Lionsklúbbar í umdæmi 109B eru núna _____ klúbbar á _____ svæðum með _____ félagum.

(Þessara tölulegu upplýsinga er hægt að afla á skrifstofu fjölumdæmisins).



Stjórn Lionsklúbbs.



Allir þessir aðilar eiga að sitja stjórnarfundi klúbbsins



Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins.



Formaður:

Formaður hefur með höndum æðstu stöðu framkvæmdavalds í klúbbum, stýrir stjórnar- og klúbbfundum, boðar til allra funda, tilnefnir, í samráði við stjórn, í allar nefndir og hefur náð samstarf við formenn þeirra. Hann sér um að framkvæmd kosninga í klúbbum sé lögleg.

Formaður heldur fund með stjórn og nefndarformönnum áður en starfsárið byrjar. Þar gefst meðal annars tækifæri til að skipuleggja starfsárið dreifa skipunarbréfum og fleiri upplýsingum.

Stjórnarfundir á að halda reglulega að minnsta kosti tvisvar í mánuði og eiga þeir að vera fyrirfram ákveðnir. Telji formaður eða meirihluti annarra stjórnarmanna ástæðu til að halda auka stjórnarfund skal það gert á þeim stað og tíma sem formaður ákveður.

Formaður boðar til allra funda klúbbsins. Hann skipuleggur, í samráði við ritara, dagskrá fundanna og tekur tillit til óska annarra stjórnarmanna, nefndarmanna eða sérstakra óska klúbbfélaga.

Formaður fylgist með að öllum skýrslum og gjöldum klúbbsins sé skilað á réttum tíma.

Formaður, í samráði við stjórn og nefndarformenn, markar stefnu klúbbsins hvað varðar verkefnaval, fjáraflanir og fleira.

Formaður er ábyrgur fyrir uppfræðslu nýrra félaga, hátíðlegri inntökuathöfn og að meðmælendur sinni skildum sínum.



Ritari:



Ritari er undir stjórn formanns og stjórnar og skal hann sjá um samskipti klúbbsins við umdæmið og alþjóðaskrifstofuna. Hann útfyllir og sendir mánaðarskýrslur klúbbsins til skrifstofu fjölumðæmisins, færir allar skýrslur og skrár klúbbsins, fundargerðir stjórnar- og klúbbfunda og hefur umsjón með spjaldskrá. Hann fylgist einnig með að fundargerðir nefndarfunda séu ritaðar.

Ritari er virkur meðlimur í ráðgjafanefnd umdæmisstjóra og er skildugur til að sitja svæðisfundi.

Ritari sækir um þær viðurkenningar sem klúbbfélagar hafa unnið til meðal annars 100% formaður, lykilverkenningar, 100% mætingarmerki, viðurkenning til klúbbsins vegna fjölgunar og fleira.



Gjaldkeri:

Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum klúbbsins. Áður en starfsárið hefst gerir hann, í samráði við stjórn, fjárhagsáætlun sem lögð er fram á fyrsta fundi klúbbsins. Hann sér um að halda skilmerkilega aðgreindum félagssjóði og verkefna- eða líknarsjóði klúbbsins.

Gjaldkeri sér um að greiða skuldir klúbbsins í samráði við stjórn. Hann heldur utan um bókhald og útbýr milliuppgjör ef stjórn óskar eftir því. Hann heldur utan um fjárhagslega stöðu félaga gagnvart klúbbum.

Gjaldkeri er yfirmaður fjármála klúbbsins og eru gerðir hans undir umsjón formanns og stjórnar.

Gjaldkeri er virkur meðlimur í ráðgjafanefnd umdæmisstjóra og er skildugur til að sitja svæðisfundi. (Þetta er ekki samkvæmt alþjóðalögum, en hefur tíðkast hérlendis).





Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins.



Varaformaður:



Varaformaður tekur við starfi formanns ef hann forfallast. Með því undirgengst hann allar þær skyldur og réttindi sem formaður hefur að gegna. Undir stjórn formanns skal varaformaður fylgjast með störfum nefnda klúbbsins.

Varaformaður á að nota tímann til að hlusta á og fylgjast með því sem fram fer á fundum og undirbúa sig undir formennsku um leið og hann á að virka sem mikilvægur aðstoðarmaður formannsins.

Þegar kosinn er varaformaður skal fyrst og fremst taka tillit til þess hvort viðkomandi aðili treystir sjálfum sér til að takast á við embættið.

Varaformaður á að sitja stjórnarfundum.

Fráfarandi formaður:

Fráfarandi formaður starfar með stjórninni. Algengt er að hann sé formaður líknanefndar því reynsla hans er ómetanleg. Hann er einnig í félaganefnd næstu þrjú árin og verður formaður nefndarinnar þriðja árið sitt í nefndinni.

Þá er fráfarandi formaður sjálfskipaður í nefnd þá sem gerir tillögur til aðalfundar um næstu stjórn klúbbsins. (Vara stjórn næsta starfsárs)

Í ýmsum klúbbum er sá háttur hafður á að forfallist formaður þá stjórnar fráfarandi formaður klúbbfundum.

Fráfarandi formaður á að sitja stjórnarfundum.



Siðameistari:



Siðameistari á meðal annars að skapa og halda uppi góðum félagsanda á klúbbfundum ásamt lífi, fjöri og áhuga með því að nota ýmis uppátæki eða leiki og með því að sekta klúbbfélaga réttlátlega.

Þær sektargreiðslur sem siðameistari innheimtir skal afhenda gjaldkera til varðveislu. Stjórn klúbbsins ákveður um ráðstöfun þeirra.

Uppátæki siðameistara eru ærið misjöfn og fara mest eftir hans eigin höfði. Hann skal þó reyna að taka mið af andrúmslofti hvers fundar fyrir sig. Takmörk eru fyrir því hvað siðameistari má leyfa sér. Sé verið að ræða verkefni klúbbsins af mikilli alvöru, sé gestafyrirlesari og í nokkrum öðrum tilfellum heldur siðameistari sig á mottunni. Siðameistara er aðeins hægt að sekta með öllum greiddum atkvæðum fundarins, en það skal þó haft í huga að siðameistari hefur neitunarvald.

Siðameistari á að sitja stjórnarfundum.

Stallari:

Stallari skal hafa umsjón og ábyrgð með öllum eignum klúbbsins, þar á meðal fánum, fánaborg, veifum, bjöllu, fundarhamri, ræðupúlti og fleira. Hann á að koma hverjum hlut á sinn stað fyrir fund, vera umsjónarmaður á fundum og dreifa skýrslum og öðru efni sem til fellur bæði á stjórnar- og klúbbfundum. Stallari sér um að allir hafi þægileg sæti og að félagar sitji á mismunandi stöðum og skipti þannig um sessunauta hverju sinni.

Stallari á að sitja stjórnarfundum.





Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins.



Félagafulltrúi:



Allir klúbbar eiga að hafa félaganefnd. Tilmæli alþjóðastjórnar eru að félaganefnd sé skipuð þrem síðast starfandi formönnum klúbbsins. Sá þeirra sem lengst hefur verið í nefndinni er formaður hennar og ber titilinn “félagafulltrúi”. Hlutverk hans er meðal annars:

Að þróa ásamt félaganefndinni fjölgunaráætlun fyrir klúbbinn.

Að hvetja féлага til að vera virkir í því að finna nýja féлага.

Að sjá til þess að rétt sé staðið að inntöku nýrra féлага.

Að verðandi félagar sé samþykktir inn í klúbbinn áður en þeim er boðin innganga.

Að verðandi féлага sé kynnt starfsemi hreyfingarinnar og klúbbsins.

Að skipuleggja frekari fræðslu og undirbúa meðmælandann.

Að leggja til nýjar leiðir til að koma í veg fyrir brotthvarf féлага.

Að starfa með öðrum nefndum að úrbótum á starfsemi klúbbsins.

Að taka sæti í félaganefnd svæðisins, sé þess óskað.

Félagafulltrúi á að sitja stjórnarfundum.



Reglur um fundarsókn.



Félagar í Lionshreyfingunni hafa mætingarskyldu. Fjarvist frá reglulegum fundi Lionsklúbbs má bæta upp með því að mæta á einhverjum eftirtalinna funda **13 dögum fyrir eða eftir** þann fund sem ekki var sóttur.

- Reglulegum eða sérstökum fundi einhver annars Lionsklúbbs.
- Stjórnarfundi í eigin klúbbi.
- Fullgildum nefndarfundi í eigin klúbbi.
- Sérstaklega boðuðum fundi, makakvöldi, eða við aðra athöfn í eigin klúbbi.
- Héraðsfundi
- Svæðisfundi.
- Alþjóða-, lands-, umdæmis- eða svæðisráðstefnu eða öðrum viðurkenndum Lionsfundi.
- Klúbbfélagi sem heimsækir skrifstofu **Alþjóðasamtaka Lionsklúbba í Chicago** eða einhverja aðra opinbera fjölumdæmis-, umdæmis- eða svæðisskrifstofu Lionshreyfingarinnar, **utan þess lands sem hann býr í** telst hafa bætt sér upp mætingu. Enda sé slík heimsókn innan þeirra tímamarka sem að ofan getur. Viðkomandi fær þá viðurkenningarkort fyrir slíkri heimsókn sem honum ber að skila til ritara í sínum eigin klúbbi.
- Klúbbfélagar sem vegna veikinda tapa af fundi eða fundum teljast sjálfkrafa hafa bætt fyrir fjarvist enda sé sannað svo fullnægjandi sé talið að um veikindi hafi verið að ræða.
- Klúbbfélagi sem ekki getur sótt fund vegna stjórnskipaðra starfa getur fengið viðurkenningu fyrir fjarvist. Í hverju tilfalli verður stjórn klúbbsins að ákveða hvort um lögsmæta fjarvist er að ræða. Hið sama á við um klúbbfélaga sem bundnir eru við störf utan lögsagnarumdæmis klúbbsins.



Til umhugsunar vegna inntöku nýrra félaga.




Þegar til stendur að fjölga í klúbbnum ætti sá sem mæla vill með nýjum félaga að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni.

Enginn ætti að mæla með félaga nema vera þess fullviss að hann muni mæta vel og vinna af kappi fyrir klúbbinn og Lionshugsjónina.



Margt ber að hafa í huga er fjölga skal í klúbbnum. Nauðsynlegt getur verið að kanna áhuga þess sem meðmælandi hefur augastað á og vita hver hugur hans er til Lionsstarfsins. Þegar nýr félagi er borinn upp á fundi hafa félaganefnd og stjórn fjallað um hann áður og hafa í mörgum tilfellum ekki við annað að styðjast en upplýsingar meðmælanda og er því nauðsynlegt að þær séu sem gleggstar.

Enginn getur sótt um inngöngu í Lionsklúbb. Aðeins geta þeir orðið Lionsmenn sem boðin er þátttaka í klúbbi. Svo getur farið að sá sem borinn er upp verði hafnað. Margar leiðir eru til að fá úrskurð þar um. Ein er sú leið að gefa félögum tvo daga eftir fund til að koma á framfæri mótmælum við félaganefnd en slíkt er að sjálfsögðu alfarið í höndum stjórnar og félaganefndar að ákveða. Sé einhverjum hafnað verða að liggja til þess gild rök. Þó geta þær aðstæður verið fyrir hendi að sá sem mótmælir vilji ekki segja ástæðuna, heldur hótí að ganga úr klúbbnum ef viðkomandi aðili komi inn. Til algjörra undantekninga hlyti að teljast ef mannaskipti yrðu í klúbbnum með þeim hætti. Úrskurður félaganefndar er endanlegur í þessum efnum enda hefur hún fjallað um þau á eðlilegan hátt.



Meðmælendur verða að gera sér grein fyrir því að sá sem þeir mæltu með er eftir inntökuna þeirra skjólstaðingur. Þeim ber að taka hann að sér á fundum sem og í öðru starfi klúbbsins og vera honum til halds og trausts öllum stundum og sjá svo um að hann uni sér vel í félagsskapnum. Flestir eru eitt - tvö ár að átta sig á félögunum, klúbbnum og starfi hans. Fyrr en nýi félaginn er heill í höfn má meðmælandi ekki slaka á klónni.



Undanfari vala á nýjum félagi.



1. Enginn getur orðið félagi í Lionsklúbbi án þess að honum sé boðin þátttaka.
2. Reynt er að grafast vandlega fyrir um hæfni og feril væntanlegs félaga.
3. Meðmælandi er fyrst og fremst ábyrgur fyrir því að væntanlegur félagi hafi til að bera þá eiginleika sem falli vel að starfi og markmiðum Lionshreyfingarinnar
4. Æskilegt er að væntanlegum félagi sé boðið á einn eða tvo fundi hjá klúbbum og þá á kostnað klúbbsins, áður en hann er látinn taka afstöðu til inngöngu.
5. Líða þarf hálfur mánuður frá því að félaganefnd tilnefnir nýjan félagi þar til hann er formlega samþykktur á klúbbfundi.

Atriði sem hafa ber í huga eftir að félaganefnd og fundur hafa samþykkt nýjan klúbbfélagi.

1. Hann á að fá fullkomna fræðslu um grundvallarþætti Lionshreyfingarinnar, stjórnunar- og starfshætti og útbreiðslu hreyfingarinnar hérlendis sem erlendis. Það á að gera viðkomandi grein fyrir því við hverju er búist við af honum eftir að hann kemur til starfa sem fullgildur félagi í klúbbnum.
2. Viðkomandi á að fá ítarlega fræðslu um stofndag, sögu og starf klúbbsins sem hann er að ganga í. Leggja skal áherslu á að hann geti aukið lífshamingju sína með nýrri áður óþekktri reynslu, nýjum vinum og tækifæri til þess að láta að sér kveða og vera í forystu.
3. Lögð skal áhersla á til hvers er ætlast af honum til dæmis í sambandi við mætingar og tíma sem hann verður að gefa sér til þess að geta tekið þátt í störfum klúbbsins.
4. Inntökuathöfnin á að vera hátíðleg þannig að nýjum félagi þyki sómi að því að ganga í klúbbinn.
5. Í inntökuathöfninni á að vera stutt frásögn um alþjóðasamtökin. Ennfremur stutt ágríp af sögu klúbbsins, starfi hans og markmiðum.

Eftir að nýr félagi hefur verið tekinn í klúbbinn.

1. Formanni ber að reyna að virkja nýjan félagi til starfa með því að skipa hann þegar í einhverja nefnd.
2. Meðmælanda bera að kynna hinn nýja félagi persónulega fyrir öllum klúbbfélögum og sjá til þess að hann viti hvaða embættum félagar í klúbbnum gegna.
3. Lögð skal áhersla á það við nýjan félagi að styrkur hvers klúbbs er talinn í þeirri virkni sem félagar sýna með því að leggja persónu sína, tíma og áhuga í það verkefni sem klúbburinn vinnur að hverju sinni.



Inntökuathöfn



Kynning á Lionshreyfingunni.

(Eftirfarandi miðast við að fleiri en einn félagi sé tekinn inn í einu).

Að fengnum tilmælum félaganefndar og samkvæmt fundarsamþykkt verða nú teknir inn eftirtaldir félagar. _____.

Ég vil biðja þessa aðila ásamt meðmælendum að koma hér upp til mín.

Ágætu væntanlegir Lionsfélagar.

Lionshreyfingin, sem þið eru nú um það bil að ganga í er stærsta hreyfing alþjóðlegra þjónustusamtaka í heiminum. Alþjóðasamtök Lionsklúbba voru formlega stofnuð hinn 7. júní 1917 í Chicago í Bandaríkjunum.

Lionshreyfingin starfar nú í _____ löndum með _____ félagi í _____ klúbbum.

Aða hvatamaður og stofnandi Lionshreyfingarinnar var Bandaríkjamaðurinn Melvin Jones, fæddur í Arizona hinn 13. janúar 1878. Það sem vakti fyrir Melvin Jones var að stofna fjöldahreyfingu sem hefði mannúðarverk að markmiði, legði sjúkum lið og öllum þeim, sem bágt ættu, gömlum sem ungum, öllum þeim sem ekki gætu annast sig sjálfir. Eftir honum er haft:

“Mér var farið að skiljast að mönnum verður lítið ágengt, nema þeir taki upp á því að gera eitthvað fyrir aðra”.

Lionsklúbbar eru óviðjafnanlegur starfsvettvangur fyrir sérhvern áhugasaman og framfarasinnaðan aðila, því innan vébanda þeirra geta allir, ef nægur starfsvilji og áhugi er fyrir hendi, fundið áhugamál við sitt hæfi til að helga kraft sína í nútíð og framtíð.

Lionshreyfingin er óháð stjórnmalaflokkum og trúmalafélögum.

Til Íslands barst Lionshreyfingin árið 1951, en þá var fyrsti klúbburinn, Lionsklúbbur Reykjavíkur, stofnaður 14. ágúst.

Ísland er sjálfstætt fjölumdæmi innan alþjóðahreyfingarinnar og nefnist fjölumdæmi 109 sem síðan skiptist í tvö umdæmi, 109A og 109B.

Lionsklúbbar í umdæmi 109A eru núna _____ á _____ svæðum með _____ félagi.

Lionsklúbbar í umdæmi 109B eru núna _____ á _____ svæðum með _____ félagi.

Lionsfélagar á Íslandi eru því _____ í dag.

Auk þess er starfandi _____ Lionessklúbbar með _____ félögum og _____ Leoklúbbar með _____ félögum.

Lionsklúbburinn _____ sem þið eruð nú að ganga til liðs við er í umdæmi 109 _____ á svæði númer _____ ásamt _____ öðrum klúbbum.

Hann var stofnaður _____ og móðurklúbbur hans er _____.

Inntökuathöfn.

Markmið Lionsklúbba:

(Eldri félagi fenginn til að lesa markmið Lionsklúbba)

1. Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims.
2. Að efla meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgarlegra dyggða.
3. Að starfa af áhuga að aukinni velferð áttaganna á sviði félagsmála, menningar og almenns siðgæðis.
4. Að tengja klúbbana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.
5. Að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni, sem almenning varðar, að því tilskildu að ekki séu rædd meðal klúbbfélaga málefni stjórn málaflokka né heldur sértrúarhópa.
6. Að hvetja félagslinda menn til að þjóna byggðarlagi sínu án persónulegs ávinnings og hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis í viðskiptum, iðnaði, opinberri starfsemi og einkarekstri.

Að þessum orðum mæltum spyr ég þig _____ óskar þú eftir að gerast félagi í Lionsklúbb _____? Þar sem þú hefur svarað játandi vil ég biðja meðmælanda þinn að sæma þig merki Lionshreyfingarinnar til staðfestingar á inngöngu þinni í klúbbinn.

(Þessi sömu orð eru endurtekin yfir hverjum nýjum félagi).

Fyrir hönd klúbbsins afhendi ég þér hér með upplýsingamöppuna.

Að lokum vona ég að þið munið eiga hér ánægjulegar stundir og býð ykkur velkomna í klúbbinn um leið og ég bið klúbbfélaga að taka undir þau orð mín með lófataki.

Siðareglur Lionsmanna:

(Eldri félagi fenginn til að lesa siðareglur Lionsfélaga)

1. Líttu á starf þitt sem köllun. Leystu það svo af hendi að þú ávinnir þér traust.
2. Leitast þú við að gera starf þitt árangursríkt. Áskildu þér hæfilega umbun en reyndu ekki að hagnast með óréttmætum hætti.
3. Láttu ekki ávinning þinn verða á annarra kostnað.
4. Vertu hollur meðbræðrum þínum og heiðarlegur gagnvart sjálfum þér.
5. Vertu aldrei eigingjarn. Leiki vafi á réttmæti gerða þinna, breyttu þá við náunga þinn eins og þú villt að hann breyti við þig.
6. Gerðu vináttu að markmiði, ekki leið að marki. Sönn vinátta krefst einskis í eigin þágu og má aldrei vera háð gagnkvæmum greiða.
7. Ræktu samfélagsskyldur þínar. Vertu hollur þegn þjóðar og sveitarfélags bæði í orði og verki.
8. Hjálpaðu meðbræðrum þínum í vanda. Þeir sem um sárt eiga að binda þurfa hluttekningu, bágstaddir og minnimáttar stuðning.
9. Vertu gættinn í gagnrýni og örlátur á viðurkenningu. Byggðu upp en rífdú ekki niður.

Ég vænti þess og legg á það áherslu að þið verðið starfsamir félagar, ávallt reiðubúnir til að leggja ykkur fram við þau verkefni sem ykkur verða falin innan klúbbsins og eins við þau verkefni sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur. Með því að vera heilir og sí vakandi í starfi vinnið þið klúbbnum það gagn sem til er ætlast af ykkur.

Að lokum vil ég minna á að við leggjum ríka áherslu á mætingu á fundi, sem og til þeirra starfa sem klúbbfélagar verða kallaðir til.

(Gjarnan má kalla maka viðkomandi upp með þeim og afhenda þeim blómvönd).



Greiðslur til svæðisstjóra.



Svæðisstjóri fær greiðslur frá Lionshreyfingunni vegna ferðakostnaðar í vissum tilfellum. Ferðist svæðisstjóri með flugi til að sækja skóla svæðisstjóra fæst sá farmiði endurgreiddur. Sama gildir ef svæðisstjóri ferðast með flugi til að sækja umdæmisstjórnarfundi.

Fyrir ferðir á skóla svæðisstjóra, umdæmisstjórnarfundi svæðisfundi og klúbbsóknir fær svæðisstjóri greiddar 20.00 kr. fyrir ekinn kílómeter umfram

100 km.

Svæðisstjóri skal hafa samráð við umdæmisstjóra varðandi allar ferðir umfram þær sem teljast skylduferðir.

Æskilegt er að svæðisstjóri nýti tölvupóst að svo miklu leiti sem mögulegt er. Má þar til dæmis nefna fundarboð og fundargerðir. Þurfi svæðisstjóri að senda fundarboð og / eða fundargerðir með venjulegum pósti endurgreiðir Lionsskrifstofan póstkostnað samkvæmt reikningi.

Umslög og bréfsefni fær svæðisstjóri á skrifstofunni.



Klúbbheimsóknir.



Í strjálbýli er æskilegt að svæðisstjóri sé einskonar leiðsögumaður umdæmisstjóra þegar hann heimsækir klúbbana. Í þéttbýli er svæðisstjóri að sjálfsögðu einnig velkominn í heimsóknir með umdæmisstjóra.

Það er þó ávallt umdæmisstjóri sem tekur ákvarðanir varðandi slíka fylgd.

Fylgi svæðisstjóri umdæmisstjóra í heimsóknir skal hann muna að þetta eru fundir umdæmisstjóra og svæðisstjórum ekki ætlað neitt sérstakt hlutverk á þeim nema umdæmisstjóri óski eftir einhverju sérstöku

Aðrar heimsóknir ættu að vera eftir samkomulagi við klúbbstjórnir og **umdæmisstjóra.**

Að eigin frumkvæði:

Í ávarpi sínu á klúbbfundum skýrir svæðisstjóri til dæmis frá starfi sínu og starfsreglu, flytur fréttir af starfinu á svæðinu, fyrirhuguðu samstarfi og ýmsu öðru.

Í fylgd umdæmisstjóra:

Í slíkri heimsókn hefur svæðisstjóri ekki sérstöku hlutverki að gegna nema umdæmisstjóri óski sérstaklega eftir því.



Að beiðni umdæmisstjóra:

Sú staða getur komið upp að umdæmisstjóri óski eftir að svæðisstjóri heimsæki klúbb í sérstökum erindagjörðum. Svæðisstjóri sinnir þeim erindum fyrir umdæmisstjóra og heldur sig eingöngu við það sem umdæmisstjóri óskar eftir.

Að beiðni klúbbstjórnar.

Ósjaldan biðja klúbbstjórnir svæðisstjóra að koma á klúbbfund og flytja fræðslu um eitthvert sérstakt málefni. Svæðisstjóri sinnir því, telji hann sig hafa þekkingu til eða óskar eftir aðstoð þess aðila á fjölumdæmisráði eða umdæmisstjórn sem hefur með máefnið að gera. Einnig kemur fyrir að klúbbstjórnir óski eftir nærveru svæðisstjóra á stjórnarfundum og þá oftast til að leysa úr einhverju vandamáli sem upp hefur komið. Hafa skal samráð við umdæmisstjóra varðandi allar slíkar fræðsluferðir.

Svæðisstjóri skal hafa það hugfast í öllum sínum heimsóknum að hanna er ekki þangað kominn til að sína eitthvert vald yfir klúbbnum, því það hefur hann alls ekki. Hann er þangað kominn til að gefa góð ráð og miðla af sinni reynslu og þekkingu. Svæðisstjóri lætur klúbbstjórnir eða almenna klúbbfélaga aldrei finna að fyrir afskiptasemi. Svæðisstjóri reynir að láta viðkomandi aðila finna að fylgst sé með klúbbnum af áhuga fyrir gengi þeirra.



Markmið allra heimsókna er: **Að efla tengsl milli klúbba, svæðisstjóra og umdæmisstjóra.**

Önnur samskipti:

Önnur samskipti við klúbbstjórnir ættu að vera sem tíðust. Gott er til dæmis að hafa samband við formann klúbbs einu sinni í mánuði til að spyrja hvernig gangi. Þannig er hægt að láta formanninn finna að einhver utan klúbbsins hefur áhuga á því sem þeir eru að gera. Umfram allt er þó að láta formenn aldrei finnast sem einhver utanað komandi sé að skipta sér af þeirra starfi.





Fundardagar.



Umdæmisstjórnarfundir:

1. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
2. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
3. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
4. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____

Svæðisfundir:

1. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
2. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
3. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____

Klúbbfundir:

1. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
2. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
3. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
4. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
5. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
6. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
7. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
8. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
9. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____



Umdæmisstjórnarfundir.



Umdæmisstjórnarfundir starfsársins er þrjár. Fyrsti fundur er yfirleitt haldinn í lok ágúst eða byrjun september, annar í nóvember og sá þriðji í mars. Auk þess er haldinn einn fundur til viðbótar í maí sem einskonar uppskeruhátíð.

Svæðisstjóri hefur skyldumætingu á þessa fundi.

Hlutverk á umdæmisstjórnarfundum:

1. Flytja fréttir af gangi mála á sínu svæði og stöðu klúbbanna. Varast ætti að telja upp verkefni hver einasta klúbbs heldur aðeins segja frá genginu almennt.
2. Bera upp erindi sem samþykkt hafa verið á svæðisfundum eða sem klúbbar óska eftir að koma á framfæri við umdæmistjórn.
3. Fylgjast með því sem efst er á baugi innan umdæmisins og hreyfingarinnar og geta þannig miðlað fróðleiknum áfram til klúbba svæðisins.
4. Gefa umdæmistjórn ráð varðandi samskipti við klúbbana, varðandi þá klúbba sem þurfa á aðstoð að halda og klúbba sem óska eftir námskeiðum eða einhverju öðru frá umdæminu.
5. Taka þátt í umræðum um þau málefni sem á dagskrá eru.



Á þessum vettvangi virkar svæðisstjóri einn best sem tengiliður milli klúbba og umdæmisstjórnar.

Skýrslur á umdæmisstjórnarfundum

Svæðisstjóri ætti að varast að nota fundargerðir frá svæðisfundum sem skýrslur á umdæmisstjórnarfundum. Það vill of oft brenna við að svæðisstjórar telji upp nákvæmlega hvað gerst hefur á svæðinu, allt upp í það að segja hverjir hafa verið fyrirlesarar hjá hvaða klúbbum og á hvaða degi það var.

Á bls. 62, 64 og 66 eru eyðublöð sem auðvelda svæðisstjóra að fylgjast með stöðunni á svæðinu og gott er að nota með skýrslum á umdæmisstjórnarfundum.

Hér á eftir er tvö dæmi um skýrslur sem fluttar hafa veið á umdæmisstjórnarfundum.

Fyrri skýrslan og sú sem er til mikillar fyrirmyndar er óbreytt og hef ég fengið leyfi svæðisstjórans til að nota hana.

Sú síðari er dæmi um það hvernig skýrslur ættu ekki að vera. Svæðisstjórinn sem hana samdi gaf einnig samþykki sitt en óskaði eftir að nöfn allra viðkomandi yrðu strikuð út og því hef ég sett **** í stað nafna.

Góð skýrsla:

Haraldur Þór Jóhannesson svæði 6.

Af svæði 6 er allt gott að fréttu. Ég hef verið á ferðalagi, með umdæmisstjóra undanfarið og höfum við heimsótt eftirtalda klúbba saman : Siglufjörð, Bjarkir, Skagafjörð, Hofsós, Blönduós og Bjarma á Hvammstanga.

Fyrirhuguð er heimsókn á Blönduós 8.apríl en þá er sameiginlegur fundur Lkl.Sauðárkróks og Blönduósi. Fyrirhuguð er að halda svæðisfund 5.apríl á Löngumýri Skagafirði. Næsti svæðisstjóri kemur frá Sauðárkróki og Hofsós sjái um unglingskíptin. Þá eru það fréttir úr klúbbum.

Hjá Lkl. Hólmavíkur er starfið hefðbundið starf í föstum skorðum. Mér sýnist að það sé allt í lagi hjá þeim. Þeir hafa ekki tekið inn nýja félag, en einn er látinn og einn flutti til Blönduóss, þeir voru 21 í byrjun en eru nú 19, þeir sjá um unglingskípti í ár og hafa valið unglings sem fer til Hollands.

Hjá Lkl. Bjarma er þróttmikið starf. Þeir voru að halda upp á 30 ára afmæli sitt núna 22.mars með pomp og pragt. Viðstaddir voru fjöllumdæmisstjóri, umdæmisstjóri og svæðisstjóri ásamt félögum frá Hólmavík, Blönduósi og Siglufirði. Þessi hátíð tókst vel í alla staði og var Bjarmamönnum til sóma, félagar 22 í byrjun eru nú 24, en 2-3 verða teknir inn á lokafundi. Þannig að þeir verða 26-27.

Hjá Lkl. Blönduós er gott starf og klúbburinn öflugur. Þeir hafa tekið um 7 nýja félag og 1 gekk inn frá Hólmavík, þannig að þeir eru 40 núna, fjölgað um 7, en einn hafði látist.

Starfið er hefðbundið síðar eru blóm og þerur. Mæting góð.

Lkl. Sauðárkróks er gróinn klúbbur verða 40 ára á næsta ári, starf þar í föstum skorðum, félagar eru núna 46 en voru í byrjun 51,1 nýr og einn látinn, farið er að undirbúa ársþing Lions á næsta ári og leiða þeir það starf í Skagafirði.

Lkl. Björk er eini kvennaklúbburinn á svæðinu. Eru þær mjög öflugar og samheldinn klúbbur, líkur á að þær taki inn einn félag nú í vor og fjölgi um 1.

Lkl. Skagafjarðar. Þetta er góður klúbbur kannski seinn af stað á haustin, er mæting hefur verið góð nú eftir áramót. Verð þar í 3sinn nú 2.apríl í heimsókn. Félagar eru nú 21 en voru 23.

Lkl. Höfði Hofsós. Félagar voru 19 í byrjun en eru 21 nú, 3 nýir félagar komu inn í vetur, 1 látinn. Starf hefðbundið. Heimsóknir til Lkl. Dalvíkur og Lkl. Skagafjarðar 2svar sinnum. Er Höfði klúbbur svæðisstjóra og sjá þeir um unglingskípti á næsta ári. Starf í föstum skorðum og góð mæting.

Félagar í Lkl. Siglufjarðar voru 34 en eru nú 33, hafa tekið inn 4 og bendir allt til að 2 verði teknir inn á lokafundi í vor. Starfið þróttmikið og skiptir miklu að eiga eigið húsnæði sem Siglufirðingar eiga. Þetta þjappar hópnum saman og gerir starfið virkara og held ég að þetta sé eini klúbburinn sem hefur eigið húsnæði.

Ég hef nú stiklað á stóru í þessari yfirferð, en verð þó að geta þess að á næsta ári er Lionsþingið í Skagafirði og eru allir 4 klúbbarnir aðilar að því og verður þetta mikið afmælisár þriggja klúbba. Sauðárkrókur 40 ára, Hofsós 30 ára, og Bjarkirnar 10 ára síðan þær urðu Lions. Stefnt er að, að afmælishátíðir klúbba verði haldnar í sambandi við þingið og lokahófið. Mér sýnist að það hafið fjölgað um 5-7 á svæðinu til vors og verður það að teljast ágætis árangur og læt ég þessu lokið hér með.

Léleg skýrsla:

*****.

Lkl. ***** var með gestafund í nóv. og allavega er sá fundur að skila einum félagi Sem hefur mætt á alla fundi síðan og líkar vel. Verður tekin inn formlega í vor.

Stjórn klúbbsins ásamt líknarnefnd fóru í heimsókn í 3.bekk *****skóla og *****skóla fyrstu vikuna í desember og færðu nemendum litabækur.

Var það mjög ánægjuleg heimsókn. Jólafundurinn var með hátíðarblæ að venju. Fastur liður er að bjóða tveim fyrrverandi félögum og er það mikilvægt bæði þeim og okkur. Félagar úr klúbbum og Lkl. ***** afhentu sameiginlega gjöf á ***** Heimili aldraðra um miðjan desember. Þá sá ***** um jólatrésskemmtun barna. Er það mjög skemmtilegt verkefni sem gefur tekjur. Sveltifundur er í janúar og þá Fitnar *****sjóðurinn okkar. Báðir klúbbar veittu styrk vegna veikinda. Svo kom Þorralótið sameiginlegt hjá klúbbum. Var það hin besta skemmtun. Borð svignuðu undan krásum og góð skemmtiatriði.

Lkl. ***** kveikti á leiðislýsingu í aðventubyrjun með Helgistund í *****kirkju. Góð mæting var eða um 80 gestir. Þeir halda Jólatrésskemmtun með kvenfélaginu ***** og hefur það verið fastur liður í þeirra starfi. Þá gefa þeir öldruðum jólagjafir. 19. febrúar verða þeir með konukvöld. Ræðumaður kvöldsins verður ***** og hann má ekki tala nema í hálf klukkustund. Á matseðli er svartfugl að hætti eins félagsins og sjá þeir um alla matseld.

***** afhentu Mæðrastyrksnefnd peningagjöf í byrjun des. Söfnuðu gleraugum og sendu en hafa ekkert heyrt hvernig söfnunin gekk. ***** styrktu fjölskyldu vegna Langvarandi veikinda barns. Jólafundurinn héldu þær í húsakynnum ***** og þar messaði ***** *****dóttir yfir þeim. Jólafundurinn héldu þær með báðum karlklúbbum og þar mætti ***** og jólasveinn með gjafir. Þá verða þær með Þorrafund í ***** 14. feb. ***** eru með a.m.k 3 félagi sem hafa verið duglegar að mæta á fundi í vetur og vonandi verða þær tilbúnar að ganga í klúbbin að hausti.

Lkl. ***** hefur haldið tíu fundi á starfsárinu og konukvöld. Fengið fyrirlesara til sín t.d. ***** *****son dósent v/Háskólann ***** fjallaði hann um vistkerfi ***** þá flutti ***** *****son heilbrigðisfulltrúi erindi um eldun og meðferð matvæla. ***** *****son miðill var líka á fundi hjá þeim og var sá fundur fjölmennur margir gestir að handan. Svo eru félagar farnir að huga að undirbúning fyrir hagyrðingakvöld sem verður í haust. *****félagar eru á fullu að undurbúa ***** sem vera á ***** í sumar með stuðningi allra klúbba á svæðinu. Vonandi fáum við gott veður. Í klúbbin gengu þrír nýir félagar í haust.þeir gáfu út ***** blaðið í 27.sinn. ***** *****son fræddi þá um virkjanamál. og nú í mars áttu þeir ***** ára afmæli og Senn kemur að verkefni, sem klúbburinn hefur haldið í mörg ár. Í Lkl. ***** fjölgaði félögum fjórir nýir gengu til liðs við klúbbin. Svo þeir bjarg hinum klúbbum á svæðinu. Starfið er í góðu lagi hér á svæðinu og allir klúbbarnir starfa til góðs fyrir samfélagið. Þá er mál að linni að þessu sinni.

Næsti svæðisstjóri kemur frá ***** og er ***** *****son að finna arftaka minn.



Svæðisfundir.



Eins og fyrr sagði skal svæðisstjóri halda þrjá svæðisfundi (fundi ráðgjafanefndar) á starfsárinu. Fyrsta fund skal halda í september, annan í nóvember og þann þriðja í febrúar/mars.

Hverjir eiga að mæta?

Samkvæmt alþjóðareglunum sitja svæðisstjóri, formenn og ritara klúbbanna í ráðgjafanefnd umdæmisstjóra á svæðinu og eiga því að mæta á svæðisfundi. Það er hins vegar venja héraðs að gjaldkeri sitji einnig fundina og er það góð regla. Í sumum tilfellum hefur stjórnin einnig með sér einhverja nefndarmenn. Ef dagskrá fundarins býður til dæmis upp á fræðslu eða umræður um Campaign SightFirst II, Lions Quest, unglingskipti, félagamál eða alþjóðasamskipti er eðlilegt að þeir fulltrúar klúbbsins sem fara með viðkomandi málaflokk sækja fundinn.

Það skal þó tekið sérstaklega fram að svæðisfundir eru opnir öllum Lionsfélögum og ætti að hvetja sem allra flesta til að mæta þar.

Boðun svæðisfunda:

Eins og getið var í kaflanum um fundaráætlanir og fundargerðir er rétt að dagsetja svæðisfundina strax í upphafi starfsárs. Á fræðslufundunum með klúbbstjórnunum er þá hægt að kynna slíka áætlun. Jafnvel er hægt á sama tíma að kynna drög að dagskrá fundanna.

Fundina skal síðan boða **skriflega** með tveggja vikna fyrirvara. Endanleg dagskrá fundarins skal þá liggja fyrir og vera kynnt með fundarboðinu. Einnig skal taka fram í bréfinu hvaða fulltrúar klúbbsins ættu að mæta á fundinn.

Fundarboðið ætti að senda bæði formönnum og riturum klúbbanna.

Í fundarboðinu ætti einnig að óska eftir staðfestingu formanns á móttöku fundarboðsins. Nokkrum dögum fyrir fund er svo rétt að hafa samband við formenn til að kann mætingu.



Svæðisfundir.



Tillögur

Rétt er að geta þess að svæðisfundir sem slíkir hafa ekki tillögurétt á þingum hreyfingarinnar. Allar tillögur eða ályktanir sem upp eru bornar á þingum hreyfingarinnar skulu bornar upp í nafni eins eða fleiri Lionsklúbba utan þess að fjöllumdæmisstjórn getur borið upp tillögur.

Hvernig er dagskrá svæðisfunda?

Hér á eftir fara hugmyndir að dagskrá þriggja svæðisfunda og leiðbeiningar með þeim. Sumum þessara dagskrárliða má vafalaust sleppa á sumum svæðum og einhverju þarf vafalaust að bæta við. Nokkrir þeirra eru þó liðir sem nauðsynlegt er að taka fyrir og eru þeir liðir sem almennt er talið nauðsynlegt að ræða á fundunum feitletraðir.

Æskilegt er að svæðisstjóri fá utanaðkomandi fyrirlesara á fundina. Einnig má hugsa sér að tengja við fundina einhver námskeið eða fræðslu um þau málefni sem efst eru á baugi innan hreyfingarinnar eða eitthvað sem mest brennur á klúbbunum að fá vitneskju um.

Mest um vert er að fundirnir séu það áhugaverðir að fulltrúar klúbbanna vilji helst ekki missa af þeim.

Hvað ber að varast?

Í öllu sínu starfi þarf svæðisstjóri að taka tillit til aðstæðna á sínu svæði. Hvorki alþjóðastjórn, fjöllumdæmið né aðrir aðilar geta gefið út handbók sem er alsherjarlausn á öllum atriðum sem upp geta komið.

Vandamál og viðfangsefni svæðanna eru jafn ólík og mörg eins og svæðin eru ólík og mörg.

Dagskrártillögunum hér að aftan er því aðeins ætlað að vera leiðbeinandi og svæðisstjórar hvers svæðis bæta við og klippa af eins og hentar þeirra svæðum.

Svæðisstjóri hefur aðgang að embættismönnum umdæmisins og fjöllumdæmisins varðandi fræðslu um hina ýmsu málaflokka. Óski svæðisstjóri eftir aðstoð þessara aðila er það oftast auðsótt sé það gert með nægjanlegum fyrirvara.



Fyrsti svæðisfundur.



Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.
2. Kynning viðstaddra.
3. **Kjörorð og markmið alþjóðaforseta, umdæmisstjóra og svæðisstjóra.**
4. Fræðslufundir með klúbbstjórnnum.
5. Erlend gögn sem klúbbum berast.
6. **Heimsóknir umdæmisstjóra.**
7. **Markmið klúbbanna fyrir starfsárið.**
8. Kynningarmál.
9. **Samstarfsverefni klúbbanna á svæðinu.**
10. Árekstrar milli klúbba.
11. **Félagafjölgun.**
12. Fræðsla til nýrra og eldri félaga, inntökuathöfnin.
13. Nýir klúbbar.
14. Merkisdagar hreyfingarinnar.
15. Alþjóðasamskipti, íslenski verkefnasjóðurinn og alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF.
16. **Unglingaskipti.**
17. Framúrskarandi (excellence) (100%) formaður.
18. **Fréttir frá umdæmisstjórn.**
19. Önnur mál.
20. Næsti svæðisfundur, fundarslit.



Fyrsti svæðisfundur.



Leiðbeiningar með dagskrá.

1. Fundarsetning.
Svæðisstjóri setur fund, kynnir sig og fyrirhugaða dagskrá.
2. Kynning viðstaddra.
Allir viðstaddir kynna sig með nafni, embætti og klúbbi. Slík kynning getur orðið til að létta andrúmsloftið. Ritari svæðisstjóra lætur mætingalista ganga.
3. **Kjörorð og markmið alþjóðaforseta, umdæmisstjóra og svæðisstjóra.**
Svæðisstjóri kynnir kjörorð og markmið alþjóðaforseta og umdæmisstjóra aðeins stuttlega. Umdæmisstjóri sér um frekari kynningu í sínum klúbbheimsóknum. Svæðisstjóri kynnir að sjálfsögðu sín eigin markmið.
4. Fræðslufundur með klúbbstjórnnum.
Eins og fyrr sagði eiga þeir fundir að vera trúnaðarmál þannig að ekki skal fara yfir hvern fund fyrir sig heldur aðeins geta þess að þeir hafi verið haldnir. Spyrja má stjórnir um álit þeirra á gagnsemi þeirra funda.
5. Erlend gögn sem klúbbum berast.
Ýmis gögn berast til klúbba frá alþjóðastjórn varðandi hlutverk hinna ýmsu embættismann og nefndarformann klúbbsins. Hvetja skal stjórnir til að dreifa þessum gögnum til viðkomandi aðila. Þessi gögn eiga að hafa borist ritara síðasta starfsárs. Þar sem þessi gögn eru öll á ensku er æskilegt að bjóða klúbbum aðstoð við að fara yfir þau.
6. **Heimsóknir umdæmisstjóra.**
Hafi umdæmisstjóri gert áætlun um heimsóknir til klúbba á svæðinu er æskilegt að svæðisstjóri kynni þá áætlun hér. Brýna skal fyrir formönnum hversu nauðsynlegt er að fá góða mætingu á þann fund og sækja þannig allan þann fróðleik sem mögulegt er. Ekki er úr vegi að vera með einhverjar fyrirfram undirbúnar spurningar sem á félögum hafa brunnið.
7. **Markmið klúbbanna fyrir starfsárið.**
Formaður eða aðrir fulltrúar klúbba segi stuttlega frá þeim markmiðum sem klúbburinn hefur sett sér fyrir starfsárið. Nauðsynlegt getur verið að setja tímamörk á þennan lið og gefa hverjum klúbbi til dæmis 5 mínútur.
8. Kynningarmál.
Minna skal klúbbana á nauðsyn þess að fjáraflanir og verkefni klúbbsins séu kynnt sem víðast. Fjáraflanir fari fram með áberandi hætti og tilkynningum og myndum sé komið á framfæri í tengslum við afhendingu gjafa.

- 9. Samstarfsverefni klúbbanna á svæðinu.**
Er grundvöllur fyrir samstarfi klúbba innan svæðisins til dæmis við sameiginlegt verkefni annað en unglingskiptin. Er grundvöllur fyrir sameiginlegu skemmtikvöldi eða árshátíð.
10. Árekstrar milli klúbba.
Á sumum svæðum getur verið hætt á árekstri milli klúbba í tenglum við fjáraflanir eða önnur verkefni. Svæðisstjóri fylgist með verkefnum klúbbanna og aðstoðar við lausn ágreinings ef til þess kemur.
11. Félagafjölgun.
Allir klúbbar þurfa á nýjum góðum félögum að halda til að efla klúbbstarfið. Sumir klúbba eru of fámennir, sumir þurfa á yngri félögum að halda og suma vantar einfaldlega nýjar og ferskar hugmyndir í klúbbstarfið. Ástæðurnar geta verið mikið fleiri. Fyrir að mæla með nýjum félaga fær viðkomandi aðili sérstaka viðurkenningu frá alþjóðasamtökunum þegar ef sá nýi er í klúbbum í eitt ár og einn dag.
12. Fræðsla til nýrra og eldri félaga, inntökuathöfnin.
Svæðisstjóri kynnir námskeiðsáætlun fjöllumdæmisins og býðst til að vera klúbbum innan handar um útvegum námskeiða í samvinnu við fræðslufulltrúa umdæmisins. Minna skal á að allir Lionsfélagar jafnt nýir sem eldri þurfa á fræðslu að halda.
- 13. Fræðsla á vegum hreyfingarinnar.**
Svæðisstjóri kynnir hin ýmsu námskeið sem fjöllumdæmið stendur fyrir á starfsárinu. Allir Lionsfélagar geta sótt þangað fróðleik sem nýtist þeim bæði í Lionsstarfinu sem og persónulega. Upplýsingar um þessi námskeið fást hjá fræðslustjóra fjöllumdæmisins.
14. Nýir klúbbar.
Er möguleiki á að stofna nýjan Lionsklúbb á svæðinu? Svæðisstjóri þarf að þekkja mörk síns svæðis. Er byggðarlag á svæðinu þar sem ekki er starfandi Lionsklúbbur? Er hægt að bæta við nýjum Lionsklúbbum í einhverju byggðarlagi?
15. Merkisdagar hreyfingarinnar.
Minna á að 8. október er alþjóðlegur þjónustudagur Lionshreyfingarinnar og að 24. október er dagur Sameinuðu þjóðanna.
16. Alþjóðasamskipti, íslenski verkefnasjóðurinn og alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF.
Svæðisstjóri aflar upplýsinga um það sem efst er á baugi á sviði alþjóðasamskipta. Sama gildir um íslenska verkefnasjóðinn og alþjóðahjálparsjóðinn LCIF.
- 17. Unglingaskipti.**
Svæði fara ýmist eftir klúbbum svæðisstjóra eða stafrófsröð þegar ákveðið er hvaða klúbbur sinni unglingskiptaverkefninu. Kynna skal bréf sem svæðisstjóra berst varðandi málefni frá unglingskiptastjóra fjöllumdæmisins.
Handbók um unglingskipti er aftast í þessari möppu.
Það er á ábyrgð svæðisstjóra að fylgjast með því að verkefninu sé sinnt.

18. Framúrskarandi (excellence) (100%) formaður.
Fara skal yfir þau atriði sem klúbbur þarf að uppfylla til að formaður fá viðurkenningu alþjóðastjórnar fyrir vel unnin störf. Viðurkenningin sem áður kallaðist 100% formaður heitir nú “excellence formaður”. Umsókn fyrir þessa viðurkenningu þarf ritari klúbbsins að fylla út og senda íslensku Lionsskrifstofunni. (Sjá eyðublað bls 70) Minna skal á að formaður getur sótt um viðurkenningu umdæmisstjóra fyrir ritara og gjaldkera.

19. Fréttir frá umdæmisstjórn.

Segja fréttir frá af því sem efst er á baugi inna umdæmisstjórnar svo og hjá fjölumdæminu.

20. Önnur mál.

Hvetja skal viðstadda til umræðna um þau málefni sem helst brenna á þeim.

21. Næsti svæðisfundur, fundarslit.

Minna á dagsetningu og staðsetningu næsta svæðisfundar.

Rétt er að taka fram að sú dagskrá sem hér er lýst er aðeins hugmyndir til að vinna út frá. Að sjálfsögðu verður að taka tillit til aðstæðna á hverju svæði fyrir sig. Þó eru þarna liðir sem almenn er talið að nauðsynlegt sé að hafa á dagskránni og eru þeir feitletraðir.

Einnig er rétt að geta þess að þó liðirnir á dagskránni séu margir þá taka flestir þeirra mjög skamman tíma.

Miðað við að þetta sé dagskrá fundarins ætti að boða eftirtalda fulltrúa:

Formenn, ritara, gjaldkera, félagafulltrúa, kynningarfulltrúa, unglingskiptafulltrúa og alþjóðasamskiptafulltrúa.

Meginviðfangsefni þessa fundar gæti til dæmis verið unglingskipti og alþjóðasamskipti. Svæðisstjóri getur leitað til viðkomandi fulltrúa umdæmisins og/eða fjölumdæmisins varðandi efni á fundinn. Þessir aðilar svo og aðrir eru í flestum tilfellum einnig fánlegir til að koma með erindi inn á svæðisfundi.

Fundinn skal boða bréflaga, með dagskrá með tveggja vikna fyrirvara. Fundarboð ætti að senda bæði til formanna og ritara.

Skýrslu (sjá eyðublað á bls. 61) um fundinn skal senda til viðkomandi aðila innan 5 daga frá fundinum.

Fundargerð skal senda innan 5 daga til formanna á svæðinu, umdæmisstjóra og vara umdæmisstjóra.

Vanti svæðisstjóra frekari upplýsingar um einstaka dagskrárliði getur hann alltaf leitað til síns umdæmisstjóra.



Annar svæðisfundur.



Tillaga að dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. **Staða verkefna klúbbanna.**
4. Ræðumenn.
5. **Fræðsla á vegum hreyfingarinnar.**
6. **Staða klúbbanna.**
